



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1092  
komudagur 25.2.2010

Reykjavík 19. febrúar 2010  
Tilv. FLE 8-2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, 343.mál.**

Með vefpósti dags. 3. febrúar s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.


Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og gerir meðfylgjandi athugasemdir við frumvarpið.

1. Í 43. grein frumvarpsins er takmarkaður sá árafjöldi sem kjósa má sama endurskoðunarfyrtæki tii að annast endurskoðun fjármálafyrirtækis. Ekki kemur fram í greininni eða athugasemdum við hana hvort þessi 5 ár byrja að telja frá gildistöku laganna eða telji aftur fyrir gildistöku. Æskilegt væri að eyða þeim mismunandi túlkunarmöguleikum.
2. Skv. 1. mgr. 90. greinar skal ársreikningur endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. Umrædd breyting virðist aðeins eiga við um endurskoðunarfyrtæki, (ath notuð mismunandi hugtök, félag vs fyrirtæki). Ekki er skýrð ástæða þess að 5 ára takmörkunin eigi aðeins við um endurskoðunarfyrtæki en ekki hvort tveggja.
3. Í athugasemd við grein 43 í frumvarpinu segir ; *"...og í öðru lagi að sú víska sem þeir standa frammi fyrir að samkeppnisaðilar geta skoðað verk þeirra að ráðningartíma liðnum muni leiða til vandaðri vinnubragða."* Hvergi er í lögum eða starfsreglum endurskoðenda gert ráð fyrir að hlutverk nýs endurskoðanda sé að skoða verk samkeppnisaðila síns með þeim hætti sem þarna er gengi út frá. Álitsnefnd leggur til að þessi hluti athugasemdarinnar verði felldur brott því hann gefur í skyn að þetta sé hlutverk endurskoðenda og mun styðja við og/eða leiða af sér misskilning um hlutverk þeirra.

4. Álitsnefnd bendir á að í 93. gr. laga um fjármálafyrirtæki er m.a. fjallað um góða endurskoðunarvenju. Í lögum um endurskoðendur skal endurskoðað í samræmi við alþjóðlega staðla og fjallað þar um góða endurskoðunarvenju. Æskilegt væri að vísað yrði til þess hér þar sem hlutverk FLE og annarra í að skilgreina góða endurskoðunarvenju er ekki lengur til staðar með þessu ákvæði í fyrrgreindum lögum. Lagt er til að 1. mgr. 93. gr. hljóði svo: „Endurskoðun fjármálafyrirtækja skal fara fram samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum sbr. 9. gr. laga 79/2008 um endurskoðendur. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um endurskoðun fjármálafyrirtækja.“

Virðingarfyllst  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda



Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE